



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 128/835**  
**komudagur 22.1.2003**

21. janúar 2003

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál

Með bréfi dagsettu 10. desember 2002 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál.

Reikningsskil sem slík eru ekki viðfangsefni Seðlabanka Íslands. Almennt telur bankinn þó að lög um ársreikninga ættu að vera þannig fram sett að tryggt sé eftir föngum gagnsæi reikningsskila og samræmi framsetningar og matsreglna á milli fyrirtækja. Notendur ársreikninga eiga að geta vænst þess að niðurstöðutölur rekstrar og efnahags einstakra fyrirtækja á markaði séu fengnar með sömu uppgjörsaðferðum.

Reglur Alþjóðlega reikningsskilaráðsins (IASB) ná nú æ meiri útbreiðslu, ekki síst eftir fjármálaáföll undanfarinna ára. Því meira tillit sem tekið er til þeirra í lögum um ársreikninga þeim mun minna svigrúm verður til „skapandi” reikningsskila” og þannig stuðlað að heilbrigði markaðarins til lengri tíma.


Ástæða kann að vera til að huga að því hvort íslensku ársreikningalögin gangi nægilega langt í að tryggja samræmi uppgjörsaðferða, viðunandi matsreglur og gagnsæi og séu í þeim efnum sambærileg við það sem gerist með öðrum þjóðum. Ef sú er ekki raunin væri tilefni til þess að endurskoða lögin á ný í því skyni að minnka frávik þeirra frá því sem best gerist á alþjóðavettvangi.

SEÐLABANKI ÍSLANDS


KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Seðlabanki Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísleifur Gunnarsson  
formaður bankastjórnar



Eiríkur Guðnason  
bankastjóri